



VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS *Alþingi*

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Erindi nr. Þ 117 / 217

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Ágústu Lárusdóttur, deildarfulltrúa

150 REYKJAVÍK

komudagur 3 / 12 1993
GARDASTRÆTI 41 SÍMI 62 3000
Garðastræti 41 Tel. 354-1-62 3000 Fax. 354-1-28421
PÓSTHÓLF 514 121 REYKJAVÍK ÍSLAND
P.O. Box 514 121 Reykjavík Iceland

THV. YDAR
Your ref.

BRÉF YDAR
Your letter

HLV. VOR
Our ref.

DAGS
Date

ÞVP/sj

Rvk. 1.12.1993.

Vinnuveitendasamband Íslands hefur með bréfi dags. 25. nóvember 1993 fengið til umsagnar frumvarp til laga um skattamál, 251. mál þingsins.

Megniefni frumvarpsins snýr að þeim breytingum á lögum um virðisaukaskatt og vörugjöld sem leiða að yfirlýsingu stjórnvalda sem gefin var í tengslum við kjarasamninga á liðnu vori um lækkun virðisaukaskatts á matvæli. Að hálfu Vinnuveitendasambandsins er ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar um það málefni í heild sinni. Óski þingnefndin eftir frekari skýringum eða viðhorfum til einstaka þátta þessa máls, þá verður að sjálfsögðu orðið við því. Þó er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þeirri missögn, sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, að tryggt sé jafnræði með sölu á tilbúnum réttum úr verslunum annars vegar og veitingahúsum hins vegar. Þar ber mikið í milli, samkvæmt Sambandi veitinga- og gistihúsa, en niðurstaða athugunar þess er að samkeppnisstaða verslana sem selja tilbúna rétti til neytenda muni batna miðað við veitingahús sem bjóða svipaða rétti einkum svo nefnda skyndibitastaði.


Þá er í þessu samhengi óhjákvæmilegt að lýsa verulegum áhyggjum af áhrifum álagningar virðisaukaskatts á gistihús sem áformað er að taki gildi frá næstu áramótum. Þó er enn frekar tilefni til að lýsa efasemdum varðandi áformin að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga innanlands. Hvort tveggja skerðir samkeppnisstöðu ferðamannaþjónustunnar. Fullt tilefni hefði verið til þess að skjóta frekari stöðum undir samkeppnishæfni þessarar mjög svo mikilvægu vaxtargreinar í íslensku atvinnulífi, en ekki leggja stein í götu uppbyggingar þessarar atvinnugreinar, sem talin er hafa nokkra möguleika í frekari gjaldeyrisöflun og atvinnusköpun, ef rétt er er á málum haldið.

Þótt efndir ríkisstjórnarinnar á fyrirheitum um lækkun virðisaukaskatts á matvæli sé að hluta mætt með hækkun launaskatta á atvinnulífinu og þar með fráhrarfi frá þeirri stefnumörkun aðila vinnumarkaðarins, að bæta samkeppnisstyrði atvinnulífsins með því að halda launakostnaði fyrirtækjanna óbreyttum næstu misserin, þá er heildarávinningurinn, af óbreyttu kaupgjaldi og a.m.k. 14 mánaða friði á vinnumarkaði, ótvíræður að mati VSI.



Að því er aðra þætti varðar vill Vinnuveitendasambandið sérstaklega minna á erindi sitt til nefndarinnar dags. 20. október sl. víðvíkjandi frádráttarbærni lífeyrissjóðsiðgjalda sjálfstætt starfandi atvinnurekenda. VSÍ metur það svo, að óhjákvæmilegt sé að bregðast við þessu brýna vandamáli nú þegar. Eðlilegur vettvangurfyrir slíkar breytingar er frumvarp um breytingar í skattamálum. Hér er bæði tilefni og tækifæri til að kveða upp úr um rétt sjálfstætt starfandi manna til að draga þann hluta greidds iðgjalds til lífeyrissjóðs, sem umfram er 4% af launum, sem önnur rekstrargjöld áður en skattur er lagður á rekstrarhagnað eða laun. Aðeins þannig verður þegar tryggt, að þessi hópur atvinnurekenda þurfi ekki lengur að búa við þá fádæma mismunun að sá iðgjaldshluti sem atvinnureksturinn almennt ber sé ekki frádrættarbær í rekstraruppgjöri þeirra. Vinnuveitendasambandið treystir því að háttvirt Efnahagsnefnd hlutist til um nauðsynlegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt svo að framangreindu máli verði ráðið til lykta með ásættanlegum hætti.

Virðingarfyllst,


Þórarinn V. Þórarinnsson.